

Loftskeytastöð af gerð B felur í sér:

1 lampasendi með ca. 250 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 600—800 m. Með sendinum fylgir mótör-rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

1 lampasendi fyrir stuttbylgjur með 300 watta sendilampa, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 18 og 54 m. Sendirinn á að notast í sambandi við áður nefndan langbylgjusendi og notar sömu hjálparkæki.

1 viðtæki samskonar og lýst er í gerð A.

Varahlutir, sbr. gerð A.

5. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem landssiminn lætur þannig á leigu, eru að sjálf-sögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um loftskeytastöðvar og rekstur þeirra.

6. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssiminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskeytastöðvar í íslenskum skipum.

Póst- og simamálastjórnin, 30. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur Hliðdal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr.

Aftan við 2. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:

Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu 1939 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. ágúst 1939.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.